

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 108 28. marz 1968.

1. gr.

33. gr. 2. málgr. 8. töluliður orðist svo:

Fimm menn í atvinnumálanefnd og fimm til vara. Þrír tilnefndir af Verkamannafélaginu Fram á Seyðisfirði og þrír til vara. Tveir tilnefndir af Vinnuveitendafélagi Seyðisfjarðar og tveir til vara. Sé fulltrúi ekki tilnefndur samkvæmt framsögðu, skal hann kosinn af bæjarstjórn úr hópi verkamanna og atvinnurekenda eftir því sem við á.

Félögum skal veittur allt að mánaðarfrestur til tilnefningar.

Samþykktarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 20.

27. janúar 1971.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Póstmannasjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. janúar 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Póstmannasjóð.

Þessi skipulagsskrá kemur í stað skipulagsskrár nr. 49/1923 um Póstmannasjóð og hljóðar þannig:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Póstmannasjóður. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja póstmenn, sem hafa póststörf að aðalstarfi, að mati sjóðsstjórnar, til menntunar í starfi hérlendis eða erlendis, til ferðalaga í hvíldar og hressingarskyni, að verðlauna einstaka póstmenn, er sýnt hafa af sér dugnað, trúmennsku og samvirkusemi í starfi, enn fremur þá, er hafa unnið einhver þau störf, er gildi hafa fyrir póstmannastéttina, hagnýt eða fræðandi, svo og að styrkja fræðslufundi og námskeiðahald fyrir póstmenn, útgáfustarfsemi, orlofsheimili póstmanna og aðra menningarstarfsemi þeirra.

Dá er það hlutverk sjóðsins að styrkja með árlegum framlögum, sjóði, er kunna að vera stofnaðir til hagsbóta fyrir póstmenn, svo sem fasteignalánasjóð póstmanna, styrktarsjóð póstmanna, svo og póstminjasafn.